

Niedzwiecki gegn Þýskalandi og Okpysz gegn Þýskalandi

Dómur frá 25. október 2005

Mál nr. 58453/00 og 59140/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs

14. gr. Bann við mismunun

Mismunun. Barnabætur. Innflytjendur.

1. Málsatvik

Kærendur, Jaroslaw Niedzwiecki (44 ára) og hjónin Zbigniew (59 ára) og Halina Okpysz (48 ára), eru pólskir ríkisborgarar. Niedzwiecki býr í Póllandi en Zbigniew og Halina Okpysz í Þýskalandi.

Niedzwiecki: Niedzwiecki hefur dvalist í Þýskalandi síðan í febrúar 1987. Í janúar 1991 var honum veitt sérstakt takmarkað búsetuleyfi sem endurnýja mátti á tveggja ára fresti. Í júlí 1995 fæddist honum dóttir og sótti Niedzwiecki þá um barnabætur. Var beiðni hans hafnað þar sem hann fullnægði ekki þeim skilyrðum laga um barnabætur að innflytjendur hefðu ótakmarkað búsetuleyfi eða búsetuleyfi til bráðabirgða. Kærði hann ákvörðunina án árangurs. Í apríl 1997 var honum veitt ótakmarkað búsetuleyfi.

Okpysz: Árið 1985 komu hjónin Zbigniew og Halina Okpysz til Þýskalands með dóttur sína og hafa dvalið þar síðan. Sonur þeirra kom til þeirra ári síðar. Árið 1987 voru þeim veitt sérstök takmörkuð búsetuleyfi sem hafa verið endurnýjuð reglulega.

Í desember 1993 var Zbigniew tilkynnt að á grundvelli lagabreytinga sem tóku gildi frá og með 1. janúar 1994 ætti hann ekki rétt til barnabóta frá þeim tíma. Áfrýjaði hann þeirri ákvörðun til undirréttar án árangurs. Var málinu frestað þar til niðurstaða fengist í nokkrum prófmálum fyrir þýska stjórnlagadómstólnum. Niðurstaða stjórnlagadómstólsins þann 6. júlí 2004 í framangreindum málum var sú að 3. mgr. 1. gr. laga um barnabætur eins og þeim var breytt 1994 hefði brotið gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 3. gr. hinna þýsku grundvallarlaga. Var löggjafanum því fyrirskipað að breyta barnabótalögunum ekki síðar en 1. janúar 2006. Taldi stjórnlagadómstóllinn þá ólíku meðferð foreldra, sem annars vegar höfðu stöðugt búsetuleyfi og hins vegar þeirra sem ekki höfðu það, skorta fullnægjandi réttlætingu. Þar sem réttur til barnabóta tengdist vernd fjölskyldulífs skv. 1. mgr. 6. gr. þýsku stjórnarskrárinnar þyrftu veigamiklar ástæður að standa til þess að réttlæta ólíka meðferð bótaþega. Ekki var talið að sú staðreynd að einstaklingur hefði takmarkað búsetuleyfi fæli í sér fullnægjandi grundvöll til að áætla lengd dvalar viðkomandi í Þýskalandi. Engar aðrar málsástæður höfðu að mati stjórnlagadómstólsins komið fram af hálfu ríkisins er réttlætt gátu umrædda takmörkun á rétti til barnabóta.

Meðferð máls Okpysz var fram haldið í desember 2004 samkvæmt beiðni hans þar um en var aftur frestað ótímabundið í mars 2005 meðan beiðni var breytinga á barnabótalögunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur höfðuðu málið á þeim grundvelli að þeim hefði verið neitað um barnabætur með breytingu laga um barnabætur frá 1. janúar 1994 en samkvæmt breytingunni áttu útlendingar aðeins rétt til barnabóta hefðu þeir ótakmarkað búsetuleyfi eða búsetuleyfi til bráðabirgða. Töldu kærendur að synjun ríkisins um barnabætur hefði mismunað þeim og byggðu á 8. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Í málum beggja kæranda rakti dómstóllinn að samkvæmt dómaframkvæmd hans væri ekki um ólögmæta mismunun að ræða skv. 14. gr. sáttmálans ef mismunandi meðferð mætti réttlæta með hlutlægum og málefnalegum ástæðum, þ.e. að hún stefndi að lögmætu markmiði og gengi ekki lengra en þörf krefði í því skyni að ná því markmiði. Við mat á því hvort skilyrðum 14. gr. fyrir ólíkri meðferð væri fullnægt þyrfti enn fremur að líta til þess svigrúms sem aðildarríki sáttmálans hafa við mat á því hvort og að hvaða marki ólíkar aðstæður réttlæta ólíka meðferð einstaklinga eða lögaðila.

Það álitamál sem fyrir dómstólnum lá takmarkaðist við þá spurningu hvort þýsk lög í tilvikum kæranda hefðu takmarkað rétt þeirra samkvæmt sáttmálanum. Ekki var hins vegar lagt fyrir dómstólinn að meta almennt að hvaða marki réttlætanlegt væri að gera greinarmun á rétti innflytjenda til barnabóta vegna mismunandi skilyrða búsetuleyfa þeirra. Líkt og þýski stjórnlagadómstóllinn sá dómstóllinn ekki að fyrir hendi væru nægilega veigamiklar ástæður er réttlættu þann greinarmun sem gerður hafði verið á rétti innflytjenda til barnabóta á grundvelli þess hvort þeir höfðu stöðugt búsetuleyfi eða ekki. Var það einróma niðurstaða dómstólsins í báðum málunum að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 14. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi niðurstöðu sína um að brotið hefði verið á framangreindum rétti kæranda fela í sér nægilegar bætur til þeirra. Þeim voru dæmdar 1.400 og 2.500 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.